



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÝÐUSKÓLA

Skólaárið 2018-2019 02.04. 2019 8. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú er marsmánuður að baki og ekki er nú slæmt að sjá sólina hækka stöðugt á lofti. Þessi mánuður inniheldur afskaplega fáa skóladaga en nemendur halda í páskaeyfi þann 12. apríl og koma ekki í skólann aftur fyrr en 29. apríl. Það eru þrír skipulagsdagar eftir annan í páskum og þá er skólinn lokaður vegna námsferða starfsfólks. Ég minni á að þessir dagar eru lokunardagar frístundar.

Ýmislegt verður þó um að vera hjá okkur þó dagarnir séu fáir. Við munum halda úrslitin í hæfileikakeppninni, Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk verður í þessum mánuði, 7. bekkur fer að Reykjum, Norðurlandsríðillinn í Skólahreysti verður á sínum stað svo fátt eitt sé nefnt.

Við erum enn að reyna að komast í Hlíðarfjall en veðrið hefur ekki verið okkur né hinum skólum bæjarins hliðholtt á úthlutuðum dögum. Það hefur því reynst þrautin þyngri að koma öllum skólunum fyrir en dagurinn sem okkur hefur verið úthlutað núna er næsti föstudagur 5. apríl.

Nú erum við farin að huga að næsta skólaári og er búið að ganga frá skóladagatali næsta skólaárs. Skólaráð er búið að samþykkja það síðan þarf fræðsluráð að leggja blessun sína yfir það og þá má birta það á heimasíðunni. Við erum einnig farin að huga að niðurröðun kennara á bekki. Eins og staðan er í dag telur væntanlegur 1. bekkur 39 nemendur en svipaður nemendafjöldi verður í skólanum næsta vetur eins og verið hefur á þessu skólaári, um 380 nemendur.

Með bestu kveðju úr skólanum
og hafið það sem allra best í páskaeyfinu!

Ólöf Inga

Á döfinni í apríl:

2. apríl	Blár dagur
3. apríl	Skólahreysti. 6.—10. bekkur hvetja okkar lið. Okkar litur er RAUÐUR
4. apríl	Úrslit hæfileikakeppinnar á sal
8.—12. apríl	7. bekkur á Reykjum
12. apríl	Páskafrí hefst
29. apríl	Skóli hefst að nýju eftir páskafrí



Apríl er tileinkaður

Vinátta

Regla mánaðarins er

**„Við leyfum hverjum sem er að
vera hjá okkur og vinna með
okkur“**

Pangea stærðfræðikeppnin

Í vetur hafa nemendur í 8. og 9. bekk víða um landið tekið þátt í hinni árlegu Pangea stærðfræðikeppni. Alls tóku 3352 nemendur þátt, úr 68 skólum. Eftir tvær umferðir komust 43 hæstu áfram úr hvorum árgangi. Laugardaginn 23.mars voru því 86 stigahæstu nemendurnir samankomnir í MH þar sem úrslitakeppnin var haldin. Síðuskóli átti tvo fulltrúa í þessum úrslitum; einn nemanda úr 8. bekk, Mikael Blæ Hauksson og einn nemanda úr 9. bekk, Hildi Arnarsdóttur. Skemmst er frá því að segja að bæði stóðu þau sig mjög vel. Mikael náði 3. sætinu í 8. bekk með 27 stig í úrslitum og Hildur náði 18. sætinu í 9. bekk með 22 stig. Frábær árangur hjá þeim báðum! Hér að neðan má sjá myndir frá lokakeppninni í MH.



Hæfileikakeppni Síðuskóla 2019

Hæfileikakeppni Síðuskóla var haldin í síðustu viku, en þá voru haldnar tvær undankeppnir, önnur fyrir 1. – 5. bekk og hin fyrir 6. – 10. bekk. Úrslitakeppnin verður svo haldin nk. fimmtudag kl. 9:45. Keppnin í síðustu viku var hörð og voru atriðin bæði fjölbreytt og skemmtileg. Við látum hér, og á næstu síðu, fylgja myndir af þessum skemmtilegu viðburðum og munum láta fylgja mynd í næsta fréttabréfi af sigurvegara hæfileikakeppni Síðuskóla 2019.



Hæfileikakeppni—
6.—10. bekkur



Viðurkenningar fræðsluráðs

Markmiðið er að vekja sérstaka athygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda áfram því góða starfi sem þeir eru að vinna og jafnvel gera enn betur.

Tilnefna má nýbreytniverkefni um hvaðeina í skólastarfi sem unnið hefur verið að á yfirstandandi skólaári, nemendavinnu, vinnu hópa eða einstaklinga, upplýsingamiðlun (s.s. heimasíður og fréttabréf), stefnumótun og skipulag, starf eins kennara eða samvinnu þeirra, verkefni í almennri kennslu, sérgreinum eða sérkennslu, framlag starfsfólks skólans, forvarnarstarf, félagsstarf, foreldrasamstarf o.s.frv.

Allir sem þekkja til skólasamfélagsins geta tilnefnt. Tilnefningar þurfa að berast fyrir lok föstudagsins 12. apríl nk.

Til að tilnefna, þá ferð þú á eftirfarandi slóð: <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/vidurkenning-skolaneftndar> en þar er einnig að finna frekari upplýsingar um viðburðinn.

Verkefni vegna samræmdra könnunarprófa

Sl. föstudag kom í skólann starfsmaður Menntamálastofnunar sem starfar við prófagerð. Stofnunin hefur undanfarin ár farið í skóla og forprófað efni sem síðar er notað í gerð samræmdra könnunarprófa. Í ár hafði stofnunin samband við Síðuskóla og óskaði eftir að fá að leggja fyrir spurningar í 4., 7., 9. og 10. bekk. Verkefnin voru nafnlaus og tóku um 40 mínútur.

Skákmót 4. bekkjar

Í vetur hefur Áskell Örn Kárasón verið með skákkennslu í 3. og 4. bekk sem mun klárast núna fyrir páska. Kennslan hefur gengið vel og nemendur staðið sig með stakri prýði og hefur þetta verið góð viðbót við starfið í þessum bekkjum. Í síðustu viku var haldið skákmót meðal nemenda í 4. bekkjar og tóku 19 nemendur þátt. Hér með sjá nokkrar myndir, en sigurvegari að þessu sinni var Markús Orri Óskarsson.



MATSEÐILL - apríl 2019

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð og ávextir	2. Krebenettur, kartöflur, sósa, rauðkál	3. Ofnbakaður fiskur, kartöflur, köld sósa og sal- atbar	4. Kjúklingur, kryddkartöflur, sósa og grænmeti	5. Skr, brauð og álegg
8. Fiskur í raspi, kartöflur, kok- telsósa og ávextir	9. Sænskar kjötbollur, kartöflur, sósa og grænmeti	10. Soðin ýsa, kartöflur, rúg- brauð og ávextir	11. Mexíkósk kjúklingasúpa Óskadagur 10. bekkjar	12. Kjúklingapasta, grænmeti
15. Páskafri	16. Páskafri	17. Páskafri	18. Skírdagur	19. Föstudagurinn langi
22. Annar í páskum	23. Skipulagsdagur Frístund lokuð	24. Skipulagsdagur Frístund lokuð	25. Sumardagurinn fyrsti	26. Skipulagsdagur Frístund lokuð
29. Fiskibollur, hrís- grjón og karrysósa	30. Kjötsúpa			